



ÁLYKTANIR HAUSTÞINGS SAMBANDS SVEITARFÉLAGA Á AUSTURLANDI 2024

Hallormsstaður 26. - 27. september

Haustrþing SSA árið 2024 samþykkir eftirfarandi ályktanir:

- Haustrþing SSA minnir á mikilvægi þess að geðheilbrigðismál á landsbyggðunum verði tekin mun alvarlegar en nú er gert og aðgengi þeirra sem þurfa geðheilbrigðisþjónustu á Austurlandi stóreflt.
- Sökum fjarlægðar Austurlands við höfuðborgarsvæðið hafnar haustrþing SSA þeim landsbyggðarskatti sem settur var á íbúa með bílastæðagjaldi á Egilsstaðaflugvelli. Sú aðgerð hamlar enn frekar för Austfirðinga sem neyðast til að sækja sér sérhæfða heilbrigðisþjónustu, menntun, menningu og aðra þjónustu á vegum ríkisins út fyrir landshlutann.
- Haustrþing SSA leggur áherslu á að ríkisvaldið standi við fyrirheit um öruggt og greiðfært vegakerfi innan landshlutans og tengingar við aðra landshluta í samræmi við áherslur Svæðisskipulags Austurlands sem og fjármögnun þeirra samgönguúrbóta sem brýnt er að hefjast handa við. Haustrþing SSA leggur áherslu á að Alþingi afgreiði nýja samgönguáætlun hið fyrsta og að hafin verði vinna við næstu jarðgöng á Austurlandi. Eingöngu með hringtengingu samgangna verður fjölkjarnasamfélagið Austurland að einu atvinnu- og þjónustusvæði sem getur vaxið áfram á eigin forsendum og verðleikum.
- Haustrþing SSA minnir stjórnvöld á að Austfirðingar hafa verið manna duglegastir að sameina sveitarfélög og hefur þeim fækkað um helming á tíu árum. Það er forgangsmál að styrkja tekjustofna sveitarfélaganna sem hafa tekið að sér mörg verkefni frá ríkinu á síðustu árum án fullnægjandi fjármagns. Gjaldheimta hins opinbera, t.a.m. af ferðaþjónustu, fiskeldi og sjávarútvegi, verður að skila sér þangað sem verðmætasköpunin fer fram og tryggja þarf sveitarfélögum sanngjarnar tekjur af orkumannvirkjum.
- Haustrþing SSA skorar á stjórnvöld að efla orkukerfið á Austurlandi. Brýnt er að auka framboð af grænni orku á viðráðanlegu verði. Of oft hefur Austurland mátt búa við orkuóöryggi sem vinnur gegn stefnu og markmiðum stjórnvalda í orkuskiptum og loftslagsmálum. Einnig skal tryggt að raforkuverð í dreifbýli verði hið sama og í þéttbýli og þá krefst haustrþing SSA þess að stjórnvöld jafni flugeldsneytisverð milli flugvalla.